

Fyrirspurn

til viðskiptaráðherra um váttryggingafélög.

Frá Vigdísí Hauksdóttur.

1. Er það stefna ríkisstjórnarinnar að óstarfhæf váttryggingafélög, þ.e. váttryggingafélög sem eru á undanþágu frá Fjármálaeftirlitinu hvað varðar lágmarksgjaldþol, sbr. 29., 30., 31. og 33. gr. laga nr. 60/1994, um váttryggingastarfsemi, fái að starfa óáreitt á váttryggingamarkaði?
2. Telur ráðherra að Fjármálaeftirlitið, sem er eftirlitsaðili váttryggingafélaga, sé að bregðast skyldu sinni til eftirlits á váttryggingamarkaði í ljósi þess að a.m.k. tvö váttryggingafélög uppfylla ekki reglur um gjaldþol samkvæmt lögum?
3. Er verið að stofna nýtt váttryggingafélag með nýja kennitölu á rústum váttryggingafélags sem er tæknilega gjaldþrota og varð uppvíst að veðsetningu á allt að 10 milljörðum kr. úr bótasjóði félagsins (öðru nafni váttryggingaskuld, sbr. 34. gr. laga um váttryggingastarfsemi)?